

Heiðarskóli
Haust 2010

Samfélagsfræði
Kennari: Jón Jónsson

„Tryggasti vinur mannsins“

-Uppruni íslenska fjárhundsins-



Pétur Pálsson 9. ÆÖ
Sigrún Sigurðardóttir 9. AB

Inngangur

Í inngangi kynni þú það efni sem þú ætlar að fjalla um fyrir lesendum. Inngangur á að vekja áhuga og forvitni lesenda. Í inngangi er varpað fram spurningum sem verður svarað í meginmáli og lokaorðum ritgerðarinnar.

- Hér er dæmi um inngang í ritgerð sem fjallar um uppruna hundsins:

Um víða veröld hefur hundurinn lengi verið sagður besti vinur mannsins. Hundar hafa þjónað húsbændum sínum á ýmsan hátt, t.d. við smölun dýra og margar sögur eru til af því þegar hundar hafa bjargað mannlífum. Íslenski fjárhundurinn hefur reynst mörgum Íslendingum góður og vinnusamur félagi en hann er að margra mati afar fallegur hundur og mjög geðgóður. En hvernig lítur hinn hreinræktaði íslenski hundur út og hver er uppruni hans? Við hvaða aðstæður þrífst hann best og hver er staða hans í íslensku nútímasamfélagi? Hér á eftir verður leitað svara við þessum spurningum og greint frá ýmsu áhugaverðu um íslenska fjárhundinn.

- Oft er gott að biða með að skrifa inngang þar til í lokin.

Meginmál:

Meginmál þýðir í raun aðalmál, enda er meginmál aðalefni ritgerðarinnar. Ef ritgerðin á að fjalla um íslenska fjárhundinn þá eru þær upplýsingar, sem þú safnar þér um hann, settar í meginmál. Þú verður alltaf að passa að „copy-paste-a“ ekki heimildirnar heldur setja vandlega saman það efni sem þú finnur um hundinn, raða því skipulega upp og skrifa það með orðalagi sem þú skilur og þér finnst eðilegt. Í meginmáli svarar þú rannsóknarspurningum þínum. Gættu þess að halda þig við efnið þegar þú leitar þér upplýsinga, þ.e. að bæta ekki endalaust við efni úr öllum áttum. Ef þú kemst í heila bók um íslenska fjárhundinn máttu ekki falla í þá gryfju að ætla að nota svo mikið úr henni að þú nánast endurskrifir bókina. Haltu þig alltaf við rannsóknarspurningarnar svo þú sitjir ekki uppi með alltof langa og samhengislausu ritgerð.

Lokaorð:

Reglum samkvæmt mega þínar eigin skoðanir á efninu sem þú skrifar um bara koma fram í lokaorðum. Í inngangi talar þú almennt um efnið, í meginmáli er eins og þú sért að kenna lesanda um efnið og í lokaorðum segir þú þína skoðun á því. Hér má koma fram t.d. það sem þú vissir um efnið áður en þú byrjaðir að skrifa um það, hvað þú lærðir, hvað kom þér á óvart o.s.frv.

Heimildaskrá:

Í heimildaskrá þarftu að skrá allar þær heimildir sem þú notar við vinnslu ritgerðarinnar, allar bækur, vefsíður, tímarit, dagblöð, myndbönd, geisladiska, fólk sem þú tekur viðtöl við o.fl.. Ef þú gerir það ekki flokkast notkun þín á annarra manna efni sem ritstuldur. Sjá dæmi um heimildaskráningu.